



Skyldur foreldra

Skyldur foreldra

Ákvörðun um vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér vel aðstæður hjá dagforeldri og hvernig daggæslunni verði háttað. Þeir skulu upplýsa dagforeldri hverjar séu daglegar venjur barnsins og að sama skapi skal dagforeldri upplýsa foreldra um dagskipulag, s.s. mataræði, svefntíma og leik/svefnaðstöðu. Mikilvægt er að foreldrar virði umsaminn dvalartíma og láti vita hvenær barnið verður sótt eða hver sæki það. Foreldrum ber að tilkynna dagforeldri um tilfallandi veikindi barns og óheimilt er að koma með veikt barn í daggæslu. Einnig skulu foreldrar upplýsa dagforeldri verði breytingar á högum barns sem geta haft áhrif á líðan þess að mati foreldra. Í samskiptum sínum við dagforeldri skulu foreldrar virða það að um heimahús er að ræða. Foreldrum ber að fylgjast með aðbúnaði og að barnafjöldi fari ekki yfir það sem leyfilegt er. Foreldrar bera ábyrgð á barni þann tíma sem dagforeldri getur ekki sinnt starfi sínu.

Skyldur dagforeldra

Dagforeldri ber ábyrgð á barni meðan á dvöl hjá því stendur og skal hlúa að andlegri og líkamlegri velferð þess í víðtækustum skilningi. Þetta á jafnt við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, úti-veru, tilfinningalíf og félagslega líðan barns. Dagforeldri ber að upplýsa foreldra um hvernig dagurinn gengur fyrir sig og foreldrar fái jafnóðum upplýsingar um það sem viðkemur barninu. Dagforeldri er skylt að stuðla að öryggi barna í hvívetna og fara að ákvæðum laga, reglugerðar og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina gilda. Dagforeldri er skylt samkvæmt 17. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002 að tilkynna til barnaverndar ef grunur er um að barn sé vanrækt eða búi við óviðunandi aðstæður. Geti dagforeldri af sérstökum ástæðum ekki sinnt starfi sínu skal það tilkynnt foreldrum þegar í stað.

Aðlögun

Mikilvægt er að gefa barni góðan tíma til aðlögunar og vanda vel til hennar. Það er einstaklingsbundið hversu langan tíma barn þarf til aðlögunar. Foreldrar og dagforeldri þurfa að koma sér saman um fyrirkomulag og ákveða í sameiningu dvalartímann.